

# Mánugánda ja Heike

"Månegutten og Heike"

Höfundur texta: Signe Iversen (Noregi)

Höfundur mynda: Sissel Horndal (Noregi)

Útgefandi: Ídútt, 2011

Var tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlagna Norðurlandaráðs í 2013

Söguþráður: Heiki býr einn með foreldrum sínum langt frá öllum vinum. Dag einn heyrir hann dynk fyrir utan gluggann sinn og sér einhvern liggja í brekkunni. Hann fer út að gá hvað þetta er og í ljós kemur að þetta er tunglstrákur. Heiki hjálpar stráknum og þeir leika sér saman en tunglstrákurinn saknar fjölskyldu sinnar.

Efnisorð: söknuður, einmanaleiki, vinátta

## Samtöl og leikur:

### SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðaðu myndirnar með barninu. Hvor strákurinn á bókarkápunni er tunglstrákurinn og hvor er Heiki? Flettið bókinni, hvað er líkt með þeim og hvað er ólíkt? Líttu út um gluggann: Hvernig lítur tunglið út í dag? Geturðu teiknað tunglið?

### LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu bókarkápunna, hvernig heldur þú að Heiki og tunglstráknum líði? Hvers vegna heldurðu það?
2. Heiki leikur sér mikið einn. Sérðu hvað hann leikur sér með þegar hann er einn? Heldurðu að Heiki langi til að eiga vini?
3. Hvað hefðir þú sýnt tunglstráknum ef hann hefði lent heima hjá þér? Teiknaðu mynd af því sem þú hefðir sýnt honum.
4. Hvernig heldurðu að sé að búa í bláa húsinu?

### BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Hvernig heldurðu að tunglferja líti út? Teiknaðu þína eigin tunglferju.
2. Í bókinni er mynd af flöskuskeyti. Skrifðu flöskuskeyti til tunglstráksins Ankor.



3. Hvenær heldurðu að Heiki sé einmana? Ert þú stundum einmana? Hvað er hægt að gera til að forðast einmanaleika? Ræðið saman tvö og tvö.

4. Hvernig heldurðu að fjölskylda tunglstráksins líti út? Teiknaðu mynd af fjölskyldunni og skrifaðu nokkur orð um hvert og eitt.

### BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst erfitt að skilja? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Skoðaðu opurnar tvær í bókinni sem eru án texta. Hvers konar tilfinningar birtast í myndunum?
3. Tunglstrákurinn saknar foreldra sinna og Heiki saknar vana og pabba síns. Saknar þú einhverra?
4. Teiknaðu myndasögu um Heiki sem ferðast til tunglstráksins. Hvernig heldurðu að sé heima hjá tunglstráknum og hvernig heldurðu að Heiki finnist að vera á tunglinu? Kynntu þér hvað manneskja þarf til að geta verið á tunglinu.
5. Hvað geta Heiki og tunglstrákurinn lært hvor af öðrum? Eða hvað gætir þú og tunglstrákur lært hvor/t að öðru/m? Ræðið saman tvö og tvö.

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA

Ud af det blå. Höfundar: Rebecca Bach-Lauritsen og Anna Margrethe Kjærgaard

Oliver. Höfundur: Birgitta Sif.

MÁLAMOLI

## "Einmanaleiki"

svensk	dansk	norsk	islandsk	færøsk	grønlandsk	finska	nordsamisk
Ensamhet	Ensomhed	Einsemd	Einmanaleiki	Einsemi	Kiserliorneq	Yksinäisyys	Oktonasvuolta



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)